



virðing, samvinna, árangur

Náms-og kennsluáætlun á haustönn 2010

LSU 102

Kennari:	Jónas Eydal Ármannsson
Námsefni:	Plötusmíði 2 / Þorsteinn Guðlaugsson
Kennslufyrirkomulag:	Sýnikennsla, margmiðlun, tilraunir, verklegar æfingar, umræður, lestur og skriflegar æfingar.
Námsmat:	50% heima- tímaverkefni, miðannarpróf smíðaverkefni. 50% lokapróf.
Meginmarkmið áfangans:	Að áfanga loknum geti nemandinn sett upp mæla á hylki, slöngur og sköft, stillt réttan vinnuþrýsting og valið suðuspíssa samkvæmt efnisþykkt, soðið 1-3 mm plötustál I-rauf í suðustellingu PA, PF og PG samkvæmt Evrópustaðli EN 287-1. Hann á að geta notað suðulóð og lóðduft og logskorið stál fríhendis.
Áfangalýsing:	Meginmarkmið áfangans er að nemi geti umgengist á réttan hátt hylki, logsuðu og logskurðartæki, geti logsoðið plötujárn með frásuðu í suðustöðum PA, PG og PF með I-rauf, lóðað með suðulóði og logskorið fríhendis. Hann á að geta brugðist rétt við ef hættu ber að höndum. Hann á að þekkja

	<p>Evrópustaðal EN 287-1. Að áfanga loknum þekki nemandinn hylkin, lit þeirra og toppventla, notkunarsvið acetylens og súrefnis, suðulogann, blöndun hans og hitastig, áhrif kolandi loga, súrefnisríks og hlutlauss loga á suðupollinn. Hann á að þekkja gerðir rauða og samsetningar, af hverju ekki er hægt að logskera alla málma, virkni lóða og lóðdufts. Hann þekki öryggismál, brunahættu vegna logans og neistaflugs, sprengihættu vegna áhrifa acetylens á eir og súrefnis á olíu og feiti, einnig vegna íláta sem innihalda eða hafa innihaldið eldfim efni. Hann þekki nauðsyn góðrar loftræstingar og þrifnaðar; undirstöðu skynsamlegrar heilsuverndar og persónulegs hlífðarbúnaðar. Evrópustaðalinn EN 287-1 um suðustöður..málmiðnaði. Kennslan er bæði verkleg og bókleg</p>
<p>Annað sem kennari vill láta koma fram:</p>	<p>Nemendur skiptast á að hafa umsjón með kennslustofu, þ.e. umgengni og frágang (ath. er hluti af námsmati).</p> <p><u>Áskilinn er réttur til að bregða út af áætlun ef þörf krefur.</u></p>